

## Skipulag

Fundarboðandi:	Auður L. Arnþórsdóttir	Fundarstaður:	Teams
Fundarstjóri:	Auður L. Arnþórsdóttir	Dagsetning:	25.06.2024
Fundarritari:	Þórður H. Sveinsson	Fundartími:	10:00 – 11:00

**Pátttakendur:** Auður L. Arnþórsdóttir (settur formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson og Rakel Guðmundsdóttir (Hafrannsóknarstofnun,) Berglind Helga Bergsdóttir, Gísli Jónsson, Harpa Luisa Tinganelli og Wija Ariyani (f.h. Matvælastofnunar)

## Dagskrá

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um innflutning lifandi styrja frá Ungverjalandi.

## Umræða

Eftir að hafa lagt mat á þá þætti sem snúa að smithættu og sjúkdómavörnum var það samdóma álit Fisksjúkdómanefndar að mæla með því við Matvælastofnun að veitt yrði leyfi fyrir innflutningnum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum þ.e.:

Að með sendingunni skal fylgja opinbert uppruna- og heilbrigðisvottorð þar sem fram komi að upprunaeldisstöðin í Ungverjalandi uppfylli öll sett skilyrði ESB-löggjafarinnar.

Að við komuna til Íslands skal flytja styrjurnar beint í lokaða eldisstöð undir eftirliti sérgreinadýralæknis fisksjúkdóma. Styrjunum skal haldið í einangrun svo lengi sem Matvælastofnun telur nauðsynlegt.

Ef smitsjúkdóma verður vart sem rekja má til þessa innflutnings og Fisksjúkdómanefnd telur varhugaverða verður öllum innfluttum dýrum eytt á kostnað eiganda.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.